

Reykjavík, 2. febrúar 2009

## Aðgengi að rannsóknagögnum **Heilsa og líðan Íslendinga 2007**

Hluti af hugmyndafræði könnunarinnar „Heilsa og líðan Íslendinga 2007” er að auka aðgengi fræðimanna á að góðum rannsóknargögnum. Þetta er meðal þess sem kom fram á kynningu sem fram fór þriðjudaginn 13. maí 2008. Til að tryggja sanngjarna og ábyrga notkun gagnanna þá hafa verið sett fram eftirfarandi viðmið þegar sótt er um aðgang að gögnunum.

### **Viðmið**

- 1) Gögn eru afhent fyrir eitt verkefni í einu
  - a) Ekki er gert ráð fyrir að fræðimenn séu að vinna að fleiri en einu rannsóknarverkefni úr gögnunum samtímis
  - b) Aðgangur er veittur að gögnum könnunar fyrir birtingu rannsóknar í vísindatímariti eða sem rannsókn fyrir lokaverkefni í háskólanámi, þar sem unnið er með tilteknar frumbreytur og fylgibreytur
  - c) Gögnin verða ekki afhent til úrvinnslu bóka eða yfirgripsmikilla skýrslna
- 2) Gagnasafnið er ekki afhent í heild sinni
- 3) Umsækjendur sendi inn lengri útdrátt (e. extended abstract). Með lengri útdrætti er átt við lýsingu á fyrirhugaðri rannsókn (u.þ.b. 3 blaðsíður) þar sem fram kemur sem mest af eftirfarandi atriðum, sum atriði hér að neðan eiga ekki endilega við tilteknar rannsóknir:
  - a) Höfundar og staða/stofnun höfunda
  - b) (Vinnu)titill rannsóknar
  - c) Stuttur fræðilegu bakgrunnur rannsóknar
  - d) Helsta/u rannsóknarspurning/ar
  - e) Rökstuðningur fyrir þeim breytum sem á að nota (óháðar og háðar breytur)
  - f) Fyrirhuguð rannsóknar-/úrvinnsluaðferð
  - g) Birtingu á lýsandi tölfræði (svo sem hvaða tölflur eða myndir eiga að sýna dreifingu breyta og hversu nákvæm sú dreifing er lýst)
  - h) Mögulegar eða líklegar niðurstöður
  - i) Væntanlegur ávinningur rannsóknarinnar
  - j) Styrkjendur rannsóknarinnar, ef einhverjir
- 4) Leitast er við að rannsókn umsækjanda skarast ekki mikið við aðrar rannsóknir úr sömu gögnum. Ekki er fyrirfram unnt að tilgreina nákvæmlega hvað telst til of mikillar skörunar. Sem dæmi er afar óheppilegt að tveir aðilar séu að vinna að grein þar sem sama fylgibreyta er notuð og megnið af frumbreytum eru þær sömu.
- 5) Umsækjendur um aðgang að gögnunum mega ekki selja úrvinnslu úr gögnum rannsóknarinnar til einkaaðila, stofnanna, fyrirtækja eða annarra lögaðila. Þar sem mörkin á milli rannsóknarstyrkja og sölulauna fyrir úrvinnslu geta verið óljós þá óskar Lýðheilsustöð eftir upplýsingum um hverjir styrkja rannsóknir sem byggja á úrvinnslu úr gögnunum.

- 6) Breytan póstnúmer, sem byggir á svörum við spurningu 83, fá aðrir ekki afhent samkvæmt ákvörðun Vísindasiðanefndar, sem setti ströng takmörk við notkun þessarar breytu. Mögulegt er hins vegar að endurflokka póstnúmer í svæði (svo sem gömlu kjördæmin).
- 7) Lýðheilsustöð leggur til, án þess að það sé skilyrði, að skipanaskrár (syntax) rannsóknarverkefna verði safnað saman á Lýðheilsustöð. Markmiðið með slíku safni er að:
- Hafa yfirsýn yfir hvernig unnið er með gögnin
  - Koma í veg fyrir rangar úrvinnslur úr gögnunum
  - Samnýta kóðun breyta til að spara vinnu sem nýta má í birtingu gagna
  - Að sama skapi geta umsækjendur fengið aðgang að þeim skipanaskráum sem þegar hafa verið unnar á LHS og af öðrum þegar aðstæður leyfa.
- 8) Lýðheilsustöð óskar eftir eintaki (helst rafrænu og á pappír) af útgefinni grein eða lokaritgerð. Útdráttur (almennur abstract) verkefna sem er í vinnslu úr gagnasafni HL2007 verða birtar á ytri vef Lýðheilsustöðvar eins fljótt og mögulegt er, eigi síðar en 30 dögum eftir að gögn eru afhent.

Röksemdir fyrir þessum viðmiðum eru margvíslegar, m.a. þær að birting einnar rannsóknar skemmi ekki fyrir birtingu annarar rannsóknar úr sömu gögnum. Mikilvægt er að gætt sé réttlætis og jafnræðis á sama tíma og tryggt sé að notkun gagnanna sé ábyrg og í samræmi við góð vinnubrögð í samfélagi fræðimanna. Þannig þarf að draga úr líkum á árekstrum sem t.d. gætu falist í að lýsing á dreifingu frumbreyta einnar rannsóknar minnki möguleika á birtingu annarra rannsókna.

Viðmið þessu eru sveigjanleg en geta breyst án fyrirvara.

Stefán Hrafn Jónsson, PhD  
sviðsstjóri rannsókna- og þróunarsviðs  
Lýðheilsustöð  
[stefan\[hja\]lydheilsustod.is](mailto:stefan[hja]lydheilsustod.is)